

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 515 5300
Fax 515 5310 | skra@skra.is | www.skra.is

Reykjavík, 11. ágúst 2010
Tilvísun: 10080110/04.00/MH

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Þjóðskrá Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, þingskjal 1258, 658 mál. Í frumvarpinu er lögð til sameining nokkurra ráðuneyta og að þeim verði fækkað úr tólf í níu.

Þjóðskrá Ísland, sem ný stofnun tók til starfa 1. júlí 2010 og var sett fót með lögum nr. 77/2010 sem mæltu fyrir um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrá Íslands. Fasteignaskrá Íslands fluttist frá fjármálaráðuneytinu og undir dómsmála- og mannréttindaráðuneyti 1. október 2009, sbr. lög nr. 98/2009. Í kjölfar þess fól dómsmála- og mannréttindaráðherra samráðshópi um málefni Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands að kanna hagkvæmni þess að sameina starfsemi Fasteignaskrár og Þjóðskrár. Það var mat samráðshópsins að sameining myndi leiða til faglegs og fjárhagslegs ávinnings. Helstu rök voru eftirfarandi:

1. Sambærileg viðfangsefni, þe. skráning og varsla upplýsinga.
2. Samlegðaráhrif og stærðarhagkvæmni í skráarhaldi.
3. Öryggismál, ávinningur væri að fella þjóðskrá undir vottun bresku staðlastofnunarinnar (BSI) skv. ÍST/ISO 27001 sem fasteignaskrá hefur hlotið vottun fyrir.
4. Auknir möguleikar að styrkja miðlun og sölu upplýsinga úr þjóðskrá og fasteignaskrá.

Þjóðskrá Íslands telur marga kosti felast í sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í eitt innríkisráðuneyti og að sú sameining komi til með að einfalda stjórnsýslu og samskipti við ráðuneyti til muna. Stofnunin er í daglegum samskiptum við ólík málefnasvið sveitarfélaga, s.s. byggingarfulltrúa, fjármáladeildir og stjórnsýsludeildir, en sveitarfélög bera ábyrgð samkvæmt lögum að tilkynna stofnuninni um nýjar og breyttar fasteignir í umdæmum sínum sem og að tilkynna stofnuninni um aðseturskipti fólks o.fl. Þá er stofnunin í daglegum samskiptum við embætti sýslumanna bæði vegna málefna fasteignaskrár og þjóðskrár. Auk þessara málaflokka felur útgáfa kjörskrár fyrir kosningar og framkvæmd kosninga í sér mikið og náið samstarf við ráðuneyti, sýslumannsembætti og sveitarfélög.

Sú skipan mála að sveitarfélög landsins og sýslumannsembætti heyri undir eitt innríkisráðuneyti felur í sér styttri og einfaldari boðleiðir milli framangreindra aðila og gefur tækifæri til aukinnar þróunar í stjórnsýslunni og eykur möguleika á nýsköpun. Þjóðskrá Íslands styður framgang frumvarpsins.

F.h. Þjóðskrá Íslands

Margrét Hauksdóttir
aðstoðarforstjóri